

SAMNINGUR

**Milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands (SÍ.)
og einleikara og einsöngvara innan
Félags íslenskra tónlistarmanna-klassísk deild FÍH
og Félags Íslenskra Hljómlistarmanna. (FÍH)**

1. gr.

Samningur þessi gildir fyrir félaga í FÍT og FÍH fyrir einleik/einsöng með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

2. gr.

Greiðslur fyrir einleik/einsöng með Sinfóníuhljómsveit Íslands á almennum tónleikum hljómsveitarinnar skulu miðast við eftirfarandi:

- 410.000 kr. frá undirritun samnings þessa til 31. desember 2020.
- 440.000 kr. frá 1. janúar 2021 - 30. júní 2021.
- 470.000 kr. frá og með starfsárinu 2021-2022.

Fyrir tónverk 15 mín. eða styttra eða hluta úr tónverki er þó heimilt að semja um lægri greiðslu. Ef tónleikar eru endurteknir innan 30 daga skal greiða 50% af upphaflegri greiðslu.

3. gr.

Komi tveir einleikarar/einsöngvarar fram á tónleikum eða í sama tónverki skal greiða hvorum þeirra 80% af þóknun skv. skilgreiningu 2.gr. samnings þessa á eðli og lengd tónverksins. Komi þrír einleikarar/einsöngvarar fram á sömu tónleikum eða í sama tónverki skal greiða hverjum þeirra 70% af þóknun skv. skilgreiningu í 2.gr. samnings þessa. Heimilt er þó að semja um lægri þóknun í sérstökum tilfellum, sé um að ræða flutning á einstökum stuttum verkum og ef flytjendur eru fjórir eða fleiri. Ef samið er um lægri þóknanir en kveðið er á um í þessum samningi, skal það gert í samráði við formann FÍH.

4. gr.

Fyrir einleik/einsöng á öðrum en almennum tónleikum s.s. fjölskyldu- eða skólatónleikum skal greiða 60% af þóknun eins og hún er skilgreind í 2.gr. samnings þessa. Ef á slíkum tónleikum er endurtekið tónverk frá fyrri tónleikum skal greiðsla vera 50% af upphaflegri greiðslu. Ef endurtekinn er hluti af áður fluttu tónverki skal samið sérstaklega fyrir það.

5. gr.

Fyrir einleik/einsöng með hljómsveitinni á tónleikum utan höfuðborgarsvæðisins skal greiða 75% af þóknun skv. 2.gr. Séu tónleikarnir endurteknir innan 20 daga skal greiða 50% af upphaflegri greiðslu við fyrstu endurtekningu en 40% fyrir fleiri endurtekningar. Á slíkum ferðum skulu gisting og ferðir vera einleikara/einsöngvara að kostnaðarlausu.

6. gr.

Ef einleikari forfallast af einhverjum ástæðum sem valda því að hann getur ekki komið fram á umsömdum tónleikum s.s. vegna staðfestra veikinda, fellur samningurinn úr gildi. Það sama á við ef um óviðráðanlegar orsakir er að ræða (force majeur) sem valda því að af flutningi getur ekki orðið. Ef annar hvor aðilinn riftir þessum samningi, skal sá sem verður til þess greiða hinum upphæð skv. samkomulagi. Ef einleikari/einsöngvari mætir ekki til æfinga á umsömdum tíma, er litið á það sem samningsbrot.

7. gr.

Skriflegur samningur skal jafnan gerður fyrirfram milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og viðkomandi listamanns. Greiðslur samkvæmt samningi þessum eru fullnaðargreiðslur.

8. gr.

Heimildar til hljóðritunar og útsendinga í útvarp, sjónvarp skal getið í Ráðningarsamningi. Einnig skal getið um vefstreymi og hversu lengi það er aðgengilegt.

9. gr.

Samningur þessi gildir frá 26. október 2020 og er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.


Reykjavík 26. október 2020.



Lára Sóley Jóhannsdóttir
F.h. Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Gunnar Hrafnsson
F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna



Hallveig Rúnarsdóttir
F.h. FÍT-klassísk deild FÍH